

Fundur Betadeildar mánudaginn 23. febrúar 2009-03-07

Fundarstaður: Glerárskóli á Akureyri

Dagskrá:

1. Setning fundar
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
 3. Orð til umhugsunar.
 4. Önnur mál
 - a. Landsambandsþing á Hallormsstað í maí.
 - b. Evrópuþing í Noregi í ágúst.
 - c. Styrkir samtakanna.
 5. Kynning á starfi iðjuþjálfra í grunnskólum.
 6. Kaffi og happdrætti
-
1. Eygló setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félagskonum. Margrét bar kveðju frá þýska landssambandsforsetanum. Hún verður á Íslandi 4. – 9. júlí og ætlar að koma til Akureyrar. Fundarkonur voru sammála um að gaman væri hitta hana þegar hún verður hér. Margrét mun tilkynna okkur betur hvenær hún verður á Akureyri.
 2. Fundargerð frá síðasta fundi lesin.
 3. Jónína Hauksdóttir var með orð til umhugsunar að þessu sinni. Hún ræddi um John Dewey og benti m.a. á hversu langt á undan sinni samtíð hann var með einstaklingsmiðun. Jónína sagði líka frá því að fyrri kona Deweys hefði verið skólastjóri sem hlýtur að hafa verið mjög framsækið í Ameríku á þeim tíma.
 4. a. Eygló sagði nánar frá væntanlegu Landssambandsþingi 16. – 17. maí á Hallormsstað. Þetta verður auglýst betur fljótlega á heimasíðu samtakanna. Gott tilboð kom frá þingstað. Lagt var til að þær sem fara úr Betadeild keyri saman og leggi af stað á föstudeginum.
b. Eygló fór yfir helstu atriði sem varða Evrópuþingið í Osló 5.-8. ágúst. Hún hvatti konur til að kynna sér verð á flugi. Sagðist sjálf ætla að fara, en hún verður með erindi þar. Gott væri að þær sem áhuga hafa á að fara sendi Eygló tölvupóst þar um.
c. Næst voru styrkir sem samtökin bjóða upp á kynntir og konur hvattar til að sækja um, annað hvort vegna náms eða þróunarverkefna.
 5. Kynning á starfi iðjuþjálfra í grunnskólum var næst á dagskrá. Hildur Andrjesdóttir iðjuþjálfri í Lundarskóla og Birna Björnsdóttir iðjuþjálfri í Glerárskóla kynntu störf iðjuþjálfra í grunnskólum en stutt er síðan sú stétt hóf að starfa í grunnskólum. Þær bentu m.a. á mikilvægi þess að vinna þverfaglega í skólum.
 6. Að lokinni kynningunni fengu konur sér kaffi og kræsingar sem Helga Thorlacius, Ragnheiður Stefánsdóttir og Þórunn Þórðardóttir sáu um. Happdrættisvinninginn að þessu sinni fékk Helga Thorlacius.

Fundi slitið.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir